

Fundur stýrihóps um Barnvænt samfélag haldinn í Hjálmakletti 29. apríl 2021 kl: 15:00.

Mætt: Sóley Baldursdóttir, Davíð Guðmundsson, Sonja Lind, Elva Magnúsdóttir, Flosi Hrafn Sigurðsson og Eiríkur Ólafsson. Fundargerð ritaði Margrét Halldóra Gísladóttir

Verkefnastjóri Barnvæns samfélags í Borgarbyggð kynnti stöðuna á verkefninu Barnvænt sveitarfélag. Hann fór yfir það sem búið er að vinna að í verkefninu. Vinnan hófst árið 2019 en í mars 2020 var skrifað undir samstarfssamning við UNICEF. Síðan þá er búið að kortleggja stöðuna og hald námskeið. Námskeiðin hafa verið fyrir leik- og grunnskóla, sveitarstjórn, UMSB og Menntaskóla Borgarfjarðar. Spurningalistar hafa verið sendir út í grunnskóla og menntaskóla. Fræða hefur verið á sviðum í stjórnsýslunni. Í framhaldi af fræðslu sviðanna er fjármálasvið Borgarbyggðar komið í verkefni í tengslum við UNICEF um að koma fjármálum sveitarfélaga á læsilegt form fyrir grunnskólabörn. Á tímabilinu frá því að innleiðing hófst hafa einnig verið samráðsfundir með UNICEF, þróunarfundir vegna mælaborðsins og leitast hefur verið við að virkja ungmennaráð sveitarfélagsins.

Verkefnastjóri fór yfir nokkra punkta sem geta farið inn í aðgerðaráætlun sem þarf að vinna í framhaldi af því ferli sem nú þegar hefur farið fram. Þar kemur meðal annars fram að stofna og halda utan um ungmennaráð sé einn af mikilvægustu markmiðunum sem þarf að vinna að, áfram þarf að safna gögnum, vinna að því að kunngera réttindi barna, tryggja að réttindagæslumaður barna sé innan sveitarfélagsins og að allir leik og grunnskólar verði Réttindaskólar.

Verkefnastjóri rifjaði upp fyrir þeim sem á fundinum voru hver barnvæn nálgun er og fór yfir helstu áherslur og hvað þarf að vera til staðar þannig að hægt sé að tala um að sveitarfélagið sé barnvænt. Áhersla á aðgengi barna að upplýsingum og að til þeirra sé leitað þegar taka þarf ákvarðanir í sveitarfélaginu. Meðal annars þarf að meta útgjöld og fjárhagsáætlun út frá barnvænum forsendum, stefnumótandi skjöl sveitarfélagsins þurfa að taka mið af börnum og ungmennum, tryggja þarf samráð við börn og ungmenni með markvissum og skýrum ferlum einnig þarf að huga að virkri þátttöku ólíkra hópa barna og ungmenna.

Verkefnastjóri kynnti mælaborðið sem unnið hefur verið fyrir barnvæn sveitarfélög, en það mælir ýmsa farsælaflokka og skiptist niður í fjölda þátta sem mældir eru. Hvert sveitarfélag getur með mælaborðinu gert sér grein fyrir stöðu sinni, sett sér markmið og endurmetið þau þegar unnið hefur verið að þeim. Sveitarfélagið kemur til með að miða sig við sín markmið og ganga mælingarnar út á að fá fram bætingu. Kynning á mælaborðinu er fyrirhuguð á vegum UNICEF og Félags- og barnamálaráðuneytinu.

Umræða um mikilvægi þess að ungmennaráð sé virkt hjá sveitarfélaginu og vel haldið utan um það. UNICEF er tilbúið til þess að skoða það með sveitarfélaginu hvernig best er að standa að því að virkja öflugan hóp sem tilbúinn er til að vera virkt í ungmennaráði sveitarfélagsins.

Verkefnastjóri taldi að mikilvægt væri að spenna bogann ekki of hátt í fyrstu skrefunum í aðgerðaráætluninni, fremur að velja markmið sem hægt er að standa við og ná.

Umræða um að festa fundi 4 sinnum á ári, byrja á því að hittast í ágúst til þess að koma hlutum á hreyfingu fyrir veturinn.

Næsti fundur ákveðinn, 20. maí 2021 kl: 15.00.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl: 16:00